

234. fundur

stjórnar LSS haldinn mánudaginn 13. – 14. október 2014 í
þjónustumiðstöðinni í Munaðarnesi

Mættir: SBB, FH, KG, IGG, GMB, PA, BV, SLS, GH, NP, VLF.

1) **Dagskrá og fyrirkomulag**

Farið yfir dagskrá og fyrirkomulag tveggja daga vinnufundar.

2) **Verkefni á kjörtímabilinu**

Yfirferð formanns; Fundir, fundargerðir, vinnubrögð, þingssamþykktir,

Umræða um félagsgjöldin. Farið yfir útreikninga um mismunandi forsendur (gjald af grunnl./heildarl.). Umræður um aðildargjöld til BSRB. LSS berst fyrir hækkun grunnlauna í kjarasamningum og telur rétt að félagsgjöldin séu reiknuð út frá þeim, en ekki heildarlaunum (þ.m.t. vaktaálagi). Ekki er hægt að lækka félagsgjöldin hjá LSS án þess að félagsmönnum fjölgi.

Farið yfir bréf SNS til Starfsmannafélags Kópavogs. Þar kemur fram að SNS semur einungis við einn aðila varðandi hvert starfsheiti. Þ.a.l. eiga allir starfandi slökkviliðsmenn að greiða til LSS. Það greiða ekki allir slökkviliðsmenn til LSS. Rætt um nokkra staði og leiðir til að fá þá inn í félagið og herða innheimtu.

Umræður um hvort þeir hlutastarfandi slökkviliðsmenn sem ekki eru innan LSS, séu tryggðir? Nauðsynlegt að heimsækja þau slökkvilið sem ekki er greitt af til LSS.

Nauðsynlegt að leggja 14. kafla niður í núverandi mynd og færa inn í aðra kafla samningsins.

Rætt um stjórnarstarfið. Stór hluti af tímanum á stjórnarfundum fer í að kynna málin. Erindi sem koma inn á skrifstofuna og verða tekin fyrir á stjórnarfundum, þarf að senda sem fyrst út til stjórnarmanna. Nota þar tölvupóstinn frekar en Dropbox. Halda málaskrá og upplýsa stjórn um stöðu þeirra.

Næsti stjórnarfundur verður 29. okt. Boða stjórn og vara-stjórn.

26. nóv. verður stjórnarfundur kl. 9:30 – 13:00 og Fulltrúaráðsfundur kl. 14:00.

Kjarasamningsviðræður.

Viðræður eru í gangi við SNS. LSS gerir þá kröfu á SNS að Starfsmatið sem var gefið einhliða út 23.10.2012, verði klárað og niðurstaðan gildi frá 01.12.2011.

SNS hefur hafnað því.

Á borðinu hjá LSS er jafnframt; persónuálgasstig, köfunar og landsflokkar, boðtæki – grunnjald, endurmenntun og tryggingakafllinn.

SNS hefur lagt til að taka slökkviliðsstjóra og aðstoðarslökkviliðsstjóra út fyrir starfsmat.

Næsti samningafundur er boðaður 16. okt kl. 13:00. Á borðinu er tilboð um eins árs samning sem gildi 01.05-2014 – 30.04.2015. Launahækkun 7,5% taki gildi í upphafi samningsins.

3. Verkefnabeiðnir til stjórnar frá deildum

Klára Starfsmatið og mynda sér skoðun um hvort þetta sé leiðin fyrir okkur í launamálum:
Miðað við hvernig Starfsmatið var kynnt fyrir LSS, þá hentar það, en ef ekki fæst úrlausn fyrir þau ca. 20% félagsmanna sem ekki hafa ennþá fengið fullvinnslu, þá er vilji stjórnar til að fara út úr Starfsmatinu.

Tryggt verði að laun slökkviliðs- og sjúkraflutningsmanna verði þau sambærileg um allt land:

Já. M.a. með leiðréttingu á starfsmatinu.

Að menn ávinni sér vaktaálag eftir t.d. 20 til 25 ár á vöktum:

Vinna áfram og samtengt lífeyrisaldri. (raða þessum atriðum fyrir komandi kjaraviðræður.

Lækkun starfsaldurs

Rætt um að nefndir hafi skilað af sér, t.d. 2011. Síðan hefur ekki verið vilji til að gera mikið m.a. vegna deilna milli ASÍ og SA. Fá stöðuskýrsluna og reyna áfram að ná þessu inn í samninga.

Fá afstöðu stjórnar í fritökumáli hjá SHS:

Færa á stöðuna inn á launaseðla samkv. kjarasamningi. SNS hefur hafnað umræðum um fritökukaflann. Ákvörðun; LSS krefst þess að SHS virði kafla 2.4 um fritökurétt.

Stjórn felur formanni og framkvæmdastjóra að. virkja kafla 2.4 í kjarasamningi aðila hjá SHS.

LSS beiti sér fyrir því að yfirmenn gangi ekki í störf undirmanna:

Árétta grein 2.3.8, og senda út bréf til vinnuveitenda.

Vinna í krabbameinsmálum:

Talið er að 25 slökkviliðsmenn hafa látist á síðustu 25 árum hjá SHS, 2 hjá BS og 3 hjá SA. Margir slökkviliðsmenn eru veikir í dag.

LSS sendi fjóra á ráðstefnu í Bergen. Rætt um nauðsyn þess að; „koma þessu inn í höfuðið á mönnum“, með alvarleikann. Umhirða um meðhöndlun fatnaðar.

Vinna þarf að því að fá krabbameinið viðurkennt sem atvinnusjúkdóm -þá túlkast m.a. hvert atvik sem slys. Á LSS að hafa frumkvæði í að fá þetta metið sem atvinnusjúkdóm? Nauðsynlegt er að upplýsa um krabbamein og krabbameinsvalda í námi fyrir slökkviliðsmenn.

Í blaðinu Slökkviliðsmaðurinn á næsta ári verður þetta tekið sérstaklega fyrir. Farið yfir ráðstefnuna í Bergen. Umræður um að halda ráðstefnu um málið næsta vor.

Rætt um að setja á stofn nefnd til að skoða þessi mál. Fara yfir skýrslu, fá lækna,

Vinnueftirlitið og fleiri með í samvinnu. Umræður um hvaða ferli þarf að fara í til að fá viðurkenningu.

Skýra stefnu í Starfsmenntunarsjóð:

Sjóðurinn hefur skýra stefnu m.a. varðandi hvaða verkefni eru ekki styrkt og hefur verið opnaður meira á síðustu árum.

Stefnu í íþróttamálum t.d. Landsmót í golfi:

Sendu íþróttanefnd „Erindisbréf“ um hvað sé ætlast til að þeim.

Hlutverk nefndarinnar er m.a. að finna mótshaldara, fylgjast með að framkvæmdin sé rétt og að ákveða næsta mótsstað í tíma. Umræður um dagsetningar síðustu móta. Erfitt að fá aðstöðu fyrir mótahald um helgar og spurning hvort virkir dagar séu jafnvel betri fyrir félagsmenn? Nefndin hafi yfirsýn með hverjir geta farið á heimsleikana.

Útvega viðunandi orlofsíbúð í Reykjavík fyrir fjölskyldufólk:

Kanna nýtingu íbúða hjá öðrum stéttarfélögum á höfuðborgarsvæðinu. Kanna möguleika á samvinnu um íbúð við annað félag. Athuga félagatölu á bak við orlofsíbúðir hjá öðrum.

Skoða möguleika á samningi vegna ákv. húsnæðis í Hafnarfirði.

Ákvörðun. Stjórnin vill fara varlega í nýja fjárfestingu.

4. „7 lykla fundir“ Námskeið Gunnar Jónatansson

(2 ½ klst. námskeið um hvernig megi nýta fundi betur)

5. Verkefni og umræður

Ánægja með námskeiðið. Menn sammála um að nýta þá þekkingu og ábendingar sem þar kom fram. Ákveðið að afgreiða fundargerð á viðkomandi stjórnarfundum.

Reyna að minka upplýsingaflutning á stjórnarfundum með því m.a. að senda út meira af upplýsingunum í tölvupósti fyrir stjórnarfundina. Jafnframt að senda cc á stjórn þegar póstar eru sendir á fulltrúana. Fá Fagdeildir til að senda inn upplýsingar til skrifstofu og stjórnar. Stefna á að færa ákvarðanatöku og verkefni út til stjórnarmanna og deildanna. Næsti stjórnarfundur verður 29. október, stjórn og tveir varamenn. Síðan bæði stjórnarfundur og Fulltrúaráðsfundur 26. nóvember. Formaður og framkvæmdastjóri gera tillögu um aðrar tímasetningar í vetur.

Rætt um að nýta GROW, til að fá uppl. frá fulltrúum. Biðja fulltrúana að halda deildarfundum tvisvar á ári í tengslum við Fulltrúaráðsfundi.

Umræður um Krabbameinsráðstefnuna í Bergen og að það sem þar kom fram verði kynnt á deildarfundum og við önnur tækifæri.

Fagdeild Slökkviliðsmanna er að vinna við að koma upp *tengslaneti* við slökkviliðsmenn.

Umræður um skort á lögbundnum æfingum hjá slökkviliðum úti á landi.

Slökkviliðsnámið þarf að öðlast viðurkenningu erlendis. Nauðsynlegt er að funda með ráðherra vegna náms fyrir slökkviliðsmenn.

Verið er að virkja *starfshóp Isavia* í samræmi við umræður í síðustu kjarasamningagerð. Fyrsti fundur verður föstudaginn 17. október.

Eldvarnaátakið 20. – 29. Nóvember.

Átakið verður með hefðbundnu sniði. Niðurstöður úr Gallup-könnun kynnar. Formlega verður átakið síðan opnað 20. nóvember með fræðslu fyrir 3. bekk í Flataskóla í Garðabæ. Skólinn síðan rýmdur. Stefnt er á að rýma hjá 365 miðlum í eldvarnavíkunni. Gjafir fyrir rétt svör út eldvarnagetrauninni verða síðan afhentar á 112 deginum í febrúar.

Aðalfundur BSRB í maí

Aðildargjaldaumræðan er aftur farin af stað innan stjórnar BSRB.

Óánægja er hjá stjórn með að til standi að tvöfalda gjöld á LSS og hversu léleg rök eru þar á bak við. Miðað við síðustu ársreikninga LSS þá ræður reksturinn ekki við að aðildargjöld til BSRB séu hækkuð um 3,7 milljónir á ári. Verði tillagan samþykkt á ársþingi BSRB í október 2015 gæti það neitt LSS til úrsagnar.

3,b. Verkefnabeirðnir til stjórnar frá deildum (framhald)

Sjúkraflutningar

Fjalla um utanspítalaþjónustuna eins og hún leggur sig.

Hver er staðan og hvert ætlum við? Menntunar-, bíla- og tækjamál ofl.

Formaður fagdeildar upplýsti um stöðu mála í dag í Utanspítalaþjónustu og hvað væri í deiglu. Fagrað sjúkraflutninga hefur verið að funda. Búið er að ráða nýjan yfirlækni utanspítalaþjónustu, Berg Stefánsson.

Sama hvar menn bera niður, það vantar skýra stefnu hjá ríkinu varðandi menntun, bílakost og tækjamál. Jafnframt vantar frá ráðuneytinu upplýsingar/ákvarðanir um hvor eigi að nota nýlega skýrslu. Það vantar að koma á sólarhringsvakt á þyrlunar.

Rætt um nauðsyn þess að koma á Bráðatæknanámi á háskólastigi. Nauðsynlegt er að koma upp starfshópi til að vinna að náminu. Byrja á að fá botn í hvor málið er statt. Sjúkraflutningaskólinn mætti gera betur í menntunarmálu. Nýráðinn skólastjóri hefur látið af störfum. Stefnt er á að byrja með nýtt grunnnám 2015. Það yrði 3 annir. Þetta er umdeilt m.a. vegna lengdar námsins. Ákveðið að ræða þetta frekar á öðrum stjórnarfundi. Fyrir Alþingi liggur þingsályktun sem er ágætis innlegg í að byggja upp heilbrigðiskerfið.

Umræður um sjúkraflutninga hjá slökkviliðunum.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið 15:30